

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **21-024F004**

Dags: **29. mars 2021**

Staður: **Á flugvellingum á Hellu**

Lýsing: **Stöðvaðist utan flugbrautar**

Flugnemi í einliðaflugi¹ var að fljúga yfirlandsflug² á flugvél TF-IFB (Tecnam P2002JF). Fluginu var heitið til flugvallarins á Hellu þar sem að flugneminn hugðist kanna aðstæður og snertilenda ef hægt væri.



Flugneminn hafði samtals 47,5 flugtíma reynslu sem hann hafði öðlast á tæplega 1,5 ára tímabili. Voru flugtímarnir allir á Tecnam P2002JF flugvélar.

Þegar flugneminn kom að Hellu yfirflaug hann flugbrautina í 1500 fetum og sá að hún var þakin snjó, sem leit þó ekki út fyrir að vera mikill séð úr lofti. Sá flugneminn einnig hjólför í flugbrautinni og taldi því landingaraðstæður fullnægjandi.

Flugmaðurinn snertilenti flugvélinni innarlega á flugbraut 04 og gekk snertilendingin vel. Ákvað flugmaðurinn því að framkvæma aðra snertilendingu.

¹ Solo

² Cross country

Í síðari snertilendingunni, lenti flugmaðurinn flugvélinni nær þröskuldi flugbrautarinnar en hann hafði gert í fyrri snertilendingunni.



Reyndist snjórinn dýpri á þessu svæði flugbrautarinnar og var viðnám aðalhjólanna því meira en í fyrri snertilendingunni.

Missti flugvélin niður hraðann ásamt því að flugneminn sá að flugvélin stefndi til vinstri og út af flugbrautinni. Dró flugneminn þá allt afl af hreyfli flugvélarinnar og stöðvaðist hún vinstra megin við flugbrautina.

RNSA lokaði málinu með bókun á nefndarfundi þann 5. ágúst 2021.